



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 26. maí 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025

Lögð fram tillaga stýrihóps skipulags- og samgönguráðs að Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 dags. 19. maí 2021.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulags- og samgönguráð fagnar framkominni Hjólreiðaáætlun 2021-2025. Frá því fyrsta hjólreiðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt árið 2010 hefur hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum aukist úr 2% í 7% og við vitum að betri og fleiri hjólastígar hafa þar skipt sköpum. Stefnt að því að fjárfestingar í nýjum hjólreiðainnviðum verði að lágmarki 5 milljarðar króna á árunum 2021-2025. Jafnframt er sett fram framtíðarsýn fyrir hjólanetið í Reykjavík til ársins 2030. Við leggjum áherslu á vinna við innleiðingu áætlunarinnar hefst þegar í stað og að leitað verði umsagna íbúaráða í þeirri vinnu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

*Þetta er metnaðarfull áætlun. Markmiðið er að aðskilja gangandi og hjólandi umferð frá megin stofnleiðum borgarinnar. Tekið er undir mikilvægi þess að hvetja börn og ungmenni til að hjóla og samhliða verður að tryggja öryggi þeirra sem best. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður minnst á mikilvægi þess að taka fræðslu um reglur á hjólastígum (hjólakennslu) inn í skólana. Forvitnilegt væri að fá flokkun á hjólastígum eftir öryggi þeirra og *í gæðum*. Víða eru stígar blandaðir, hjóla- og göngustígar sem eru upphaflega hannaðir sem göngustígar. Þá þarf að lagfæra til að þeir verði öruggir fyrir bæði hjólandi og gangandi. Rýmið er oftast nægilega mikið og hægt er að búa til aflíðandi beygjur og minnka brekkur*

Tilfni er til að auka eftirlit með umferð á blönduðum stígum vegna fjölgunar á minni vélknúnum farartækjum og hefur slysum fjölgað í kjölfarið. Einnig má nefna að gjarnan gengur, hleypur og hjólar fólk á öllum aldri með tónlist í eyrunum og heyrir því ekki eins vel þegar einhver nálgast það. Úr geta því orðið árekstrar. Fjarlægja þarf jafnframt járnslár þar sem þær eru enda hættulegar hjólreiðafólki. Ef stígar eiga að verða hluti af samgöngukerfi borgarinnar þarf að vera eins lítið af brekkum og hægt er en öryggi er vissulega aðalatriðið.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Fulltrúi Flokks fólksins tekur jafnframt undir bókun skipulags- og samgönguráðs í málinu.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: tillaga stýrihóps skipulags- og samgönguráðs dags. 19. maí 2021.



Skipulags- og samgönguráð

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 - tillaga

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur var fyrst samþykkt árið 2010 og endurskoðuð áætlun var samþykkt árið 2015. Skipulags- og samgönguráð skipaði stýrihóp um mótun nýrrar hjólreiðaáætlunar í maí 2020. Í stýrihópnum sátu Katrín Atladóttir (formaður), Kristín Soffía Jónsdóttir, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og síðar Pawel Bartoszek í stað Kristínar Soffíu.

Í meðfylgjandi tillögu að Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 er sett fram framtíðarsýn fyrir hjólaborgina Reykjavík með mælanlegum markmiðum til ársins 2025 og þeim framkvæmdum og aðgerðum sem stefnt er að á tímabilinu. Áætlunin byggir á fjórum yfirmarkmiðum sem öll hafa mælanleg undirmarkmið.

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur er hluti af heildarsýn á samgöngur, þróun byggðar og lífsgæði í fjölbreyttri borg í takti við samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulag Reykjavíkur og loftslagsstefnu. Frá því fyrsta hjólreiðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt árið 2010 hefur hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum aukist úr 2% í 7%. Sú áætlun lagði grunn að þeirri byltingu sem hefur orðið í notkun hjóla í ferðum í borginni, meðal annars með því að margfalda lengd hjólastíga.

Á tímabilinu 2021–2025 er stefnt að frekari sókn í uppbyggingu hjólainniðnaðs og stuðlað að því með ýmsum aðgerðum að Reykjavík verði hjólaborg á heimsmeilivörðum. Lagt er til að fjárfestingar í nýjum hjólreiðainniðum í Reykjavík verði að lágmarki 5 milljarðar króna á tímabilinu. Við mótun framtíðarsýnar um hjólanetið í borginni þarf að horfa lengra og í stærra samhengi, leggja línurnar til lengri tíma svo mögulegt sé að hefja undirbúning og skipulagsvinnu verkefna sem koma til framkvæmda eftir árið 2025. Hér er því gerð tillaga að framtíðarsýn fyrir hjólanetið í Reykjavík til ársins 2030. Í grunninn er gengið út frá að uppbygging á sameiginlegu hjólaneti höfuðborgarsvæðisins verði í fullum gangi næsta áratuginn í samræmi við samgöngusáttmála og að samhliða uppbyggingu Borgarlínu verðir byggðir upp hjólastígar meðfram línunni. Meginmarkmið verkefna sem fjármögnuð verða af Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur verði að þetta og bæta hjólanetið í borginni til viðbótar við þá stíga sem til koma vegna sameiginlegra verkefna.

f.h. stýrihóps um Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025

Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri

HJÓLA-
BORGIN
RVK



HJÓLREIÐAÁÆTLUN

REYKJAVÍKUR

2021-2025

HJÓLUM FERÐUMST GLEÐJUMST


Markmið Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2021–2025 er að auka hlutdeild hjólreiða í ferðum í borginni. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar ört. Samhliða fjölgar ferðum í borginni mikið þar sem hver íbúi fer að meðaltali um fjórar ferðir á dag. Hjólreiðar eru hagkvæmur, heilsusamlegur og skemmtilegur ferðamáti. Betri hjólaborg eykur lífsgæði allra borgarbúa. Loftgæði verða betri, íbúar verða heilsuhraustari og tafir í bílaumferð verða minni. Hjólreiðar eru hamingjuríkasti ferðamátinn.

Nýleg könnun sýnir að 27% fólks vill helst ferðast til vinnu á hjóli en um 10% gera það reglulega. Hinir velja aðra ferðamáta¹. Því er ljóst að fleiri þættir hafa áhrif á val fólks á ferðamáta en viljinn einn. Tilgangur samgöngukerfa er að flytja fólk og vörur á milli staða, ekki farartæki. Fólk og fyrirtæki velja þann ferðamáta sem hentar hverju sinni. Stjórnvöld geta lagt sitt af mörkum með því að bæta valkosti fólks. Við þurfum að búa svo í haginn að þessi 27% geti valið að ferðast með þeim hætti sem það kys helst, á hjóli.

Aðstaða til hjólreiða þarf að vera þannig úr garði gerð að hún hvetji borgarbúa til að sinna erindum sínum á hjólum jafnframt því að geta notið útivistar. Áfram verður lögð áhersla á lagningu aðskilda hjólastíga. Það bætir flæði hjólandi og eykur öryggi vegfarenda.

Nýleg könnun sýnir að 27% fólks vill helst ferðast til vinnu á hjóli en um 10% gera það reglulega

1 Samkvæmt könnun Maskínu í júní 2020



„Hjólreiðar eru hamingjuríkasti ferðamátinn“

Á tímum COVID-19 hafa hjólreiðar aukist í borgum Evrópu. Í Reykjavík var ásóknin á stíga borgarinnar slík að búnaður til hjólreiða seldist upp á skömmum tíma í mörgum verslunum. Stjórnvöld um allan heim keppast við að fjárfesta í grænni og heilsusamlegri ferðamáta – líka á Íslandi. Árið 2019 var gerður sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar var samþykkt að lyfta grettistaki í samgöngumálum og fjárfesta í innviðum fjölbreyttra samgöngumáta með það að markmiði að auka valfrlsi íbúa.

Með nýrri tækni aukast tækifæri til hjólreiða. Rafhjólum fjölgar hratt og þá skipta brekkur og rok síður máli við val á samgöngumáta. Einnig hefur notkun á rafhlaupahjólum aukist. Notendur þeirra vilja helst nýta sömu innviði og hjólreiðafólk til að ferðast og gefur það enn meira tilefni til að setja aukinn kraft í uppbyggingu slíkra innviða. Þetta mun efla fjölbreytta notkun innviðanna fyrir hjólreiðar eins og fyrir hverskyns örflæði-ferðamáta.

Reykjavík stefnir á að verða hjólaborg á heimsmælikvarða. Þá er nauðsynlegt að fólk geti horft til hjóla sem fyrsta vals þegar kemur að ferðamáta.

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



Töluvert fleiri myndu helst vilja hjóla til vinnu en gera það í raun. Það liggur því beinast við að stór hluti fjármuna til uppbyggingar samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu á komandi árum renni til uppbyggingar hjólainnviða. Í þessari áætlun er sett fram framtíðarsýn fyrir hjólaborgina Reykjavík með mælanlegum markmiðum til ársins 2025 og þeim framkvæmdum og aðgerðum sem stefnt er að á tímabilinu. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur er hluti af heildarsýn á samgöngur, þróun byggðar og lífsgæði í fjölbreyttri borg í takti við samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulag Reykjavíkur og loftslagsstefnu. Hjólreiðar eru hluti af framtíðinni í borginni þar sem tryggja á fjölbreytta valkosti í samgöngum á mismunandi farartækjum og sveigjanleika fólks til að blanda mismunandi ferðamátum í daglegu lífi.

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG




Ferlið við gerð hjólreiðaáætlunar

Skipulags- og samgönguráð samþykkti þann 20. maí 2020 að skipa stýrihóp til að endurskoða hjólreiðaáætlun borgarinnar. Meginverkefni stýrihópsins var að vinna tillögu að Hjólreiðaáætlun 2021–2025 til skipulags- og samgönguráðs.

Í stýrihópnum sátu Katrín Atladóttir (formaður), Kristín Soffía Jónsdóttir, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og síðar Pawel Bartoszek í stað Kristínar Soffíu. Með hópnum störfuðu Bjarni Rúnar Ingvarsson, Björg Helgadóttir, Kristinn J. Eysteinnsson og Þorsteinn R. Hermannsson.

Stýrihópurinn var sammála um að tími væri kominn til að setja hjólreiðar í borginni í næsta gír, og fékk hópurinn aðstoð frá hollenska ráðgjafafyrirtækinu Mobycon sem hefur víðtæka reynslu af gerð hjólreiðaáætlana fyrir borgir í Evrópu og Norður-Ameríku. Vinna við tillögur fyrir endurskoðun og áframhaldandi uppbyggingu á hjólanetinu til 2025+ var unnin af VSÓ Ráðgjöf.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til 2030



Helstu verkefni samkvæmt erindisbréfi voru eftirfarandi:

- Stýrihópnum er falið að vinna tillögu með mælanlegum markmiðum, framkvæmdum og aðgerðum fyrir tímabilið 2021–2025.
- Stýrihópur skilgreini og afmarki í upphafi helstu viðfangsefni vinnunnar og leggi fram tillögu að megináherslum vinnu við hjólreiðaáætlun 2021–2025 fyrir skipulags- og samgönguráð.

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur er hluti af heildarsýn á samgöngur, þróun byggðar og lífsgæði í fjölbreyttri borg

Í stefnumótunarvinnunni var haft samráð við fjölda hagsmunaaðila, líkt og rakið verður hér að neðan. Úr því samráði kom fram fjöldi góðra hugmynda og tillagna. Megináherslur við mótun nýrrar hjólreiðaáætlunar voru kynntar og ræddar í skipulags- og samgönguráði í september 2020.

Spurningalisti um forgangsröðun markmiða og aðgerða var sendur á hjólreiðafélög í upphafi árs 2021. Í kjölfarið gerðu Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) könnun meðal meðlima í hópnum Samgönguhjólreiðar á Facebook með víðtækri þátttöku og umræðu. Stýrihópurinn bauð fulltrúum LHM og Íslenska fjallahjólaklúbbsins á fund þar sem þeir gerðu grein fyrir svörum við spurningalista og niðurstöðu umræðna.

Sambærilegur spurningalisti var sendur á sviðsstjóra velferðarsviðs (VEL), skóla- og frístundasviðs (SFS), þróunar- og nýsköpunarsviðs (PON) og íþrótt- og tómstundasviðs (ÍTR) til að kanna leiðir til að auka hjólreiðar meðal starfsfólks og notenda.

MARKMIÐASETNING

Áætlun þessi byggir á fjórum yfirmarkmiðum sem öll hafa mælanleg undirmarkmið. Til að ná settum markmiðum liggur fyrir listi aðgerða. Aðgerðunum er forgangsraðað og sumar þeirra eru tímasettar.

Frá því fyrsta hjólreiðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt árið 2010 hefur hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum aukist úr 2% í 7%². Sú áætlun lagði grunn að þeirri byltingu sem hefur orðið í notkun hjóla í ferðum í borginni, meðal annars með því að margfalda lengd hjólastíga.

Á tímabilinu 2021–2025 er stefnt að frekari sókn í uppbyggingu hjólainnviða og stuðlað að því með ýmsum aðgerðum að Reykjavík verði hjólaborg á heimsmælikvarða. Reykjavík er hjólaborg fyrir reiðhjól, hlaupahjól og allskonar hjól.

² Skv. Ítarlegri ferðavenjukönnun 2019 meðal 6–80 ára Reykvíkinga, dagbókarkönnun sem að jafnaði er gerð á tveggja ára fresti.

MARKMIÐ I

AUKIN HLUTDEILD HJÓLREIÐA

MARKMIÐ II

BÆTTIR INNVIÐIR & SÝNILEGRI HJÓLREIÐAR

MARKMIÐ III

BÆTT ÞJÓNUSTA

MARKMIÐ IV

HJÓLAMENNING




MARKMIÐ I AUKIN HLUTDEILD HJÓLREIÐA

Aukin hlutdeild hjólreiða mun hafa góð áhrif á samgöngur, umhverfi, lýðheilsu, lífið í borginni og skapa betri borg.

Kannanir sýna að yfir 10% ferða í Hlíðum, Laugardal og Vesturbæ eru farnar á hjóli. Margt bendir til að í hverfum vestan Elliðaáa, sem umlykja helstu atvinnu- og þjónustuhverfi borgarinnar, séu tækifæri til meiri fjölgunar hjólandi en í ytri hverfum borgarinnar. Því er lagt til að sett sé sérstök markmið um fjölgun hjólandi þar. Áfram er unnið að uppbyggingu stofnleiða í gegnum samgöngusáttmálann.

Markmið Reykjavíkurborgar 2025



UNDIRMARKMIÐ

- ▢ Að minnsta kosti **10%** allra ferða í borginni verði farnar á hjóli árið **2025**³
- ▢ Ferðir farnar til vinnu á hjóli verði að minnsta kosti **10%**
- ▢ Ferðum íbúa í hverfum vestan Elliðaáa á hjóli fjölgi enn frekar⁴
- ▢ Að minnsta kosti **25%** ferða grunn-skólanema til skóla verði farnar á hjóli
- ▢ Að minnsta kosti **10%** ferða framhaldsskólanema til skóla verði farnar á hjóli
- ▢ Fleiri hjóli allt árið um kring

Kannanir sýna að börn sem eiga foreldra sem hjóla eru líklegri til að hjóla sjálf. Hlutdeild hjólreiða í ferðum grunnskólanemenda á yngsta- og miðstigi er almennt há en lækkar hratt á efsta stigi og þegar komið er í framhaldsskóla.


3 Skv. ítarlegri ferðavenjukönnun meðal 6–80 ára Reykvík-inga, dagbókarkönnun sem gerð er á tveggja ára fresti.

4 Skv. ferðavenjukönnunum 2014–2019 var hlutdeild hjólreiða í ferðum íbúa þessara hverfa hverfum yfir meðallagi og lögð er áhersla á efla þær enn frekar.

MARKMIÐ I AÐGERÐIR

- Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að bæta aðstöðu og hvetji börn til að hjóla í skólann.
- Kennsla í hjólafærni verði eflað í grunnskólum og frístund.
- Reykjavíkurborg opni á samtal við mennta- og menningar-málaráðuneyti um bættar aðstæður til vistvænna samgangna við framhaldsskóla.
- Reykjavíkurborg starfi með aðilum vinnumarkaðarins til að fjölga þeim sem hjóla til og frá vinnu. Meðal annars verði unnið með Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og fyrirtækjum undir merkjum Loftslagsyfirlýsingar Reykjavíkurborgar og Festu að frekari árangri.
- Reykjavíkurborg efli upplýsingagjöf til almennings um hjólreiðar innan borgarinnar.
- Reykjavíkurborg efli þekkingaröflun um þá áhrifaþætti sem aukið gætu hjólreiðar allra. Svo sem hvort að hægt sé að skipuleggja innviði þannig að möguleikar allra sem hafa áhuga á að hjóla aukist.
- Reykjavíkurborg vinni að því að koma hjólanetinu á kortavef Google, Google Maps.

Staða mælikvarða haustið 2019



MARKMIÐ II

BÆTTIR

INNVIÐIR &

SÝNILEGRI

HJÓLREIÐAR


Góðir innviðir fjölga þeim sem hjóla. Fjölgun hjólandi eykur sýnileika og öryggi. Þannig bætum við hjólameninguna og fleiri líta til hjólsins sem fyrsta valkosts. Aukin hreyfing íbúa bætir lýðheilsu.

Uppbygging innviða síðustu ár sýnir okkur að bættir innviðir fjölga þeim sem hjóla. Talning á fjölda hjóla við grunnskóla bendir til að fjöldinn fylgi uppbyggingu hjólastæða við skólana.

Staða mælikvarða árið 2020



Hjólastígar í Reykjavík



31% íbúa í Reykjavík búa innan við 150 m frá hjólastíg.



Hjólastæði við grunnskóla

Markmið Reykjavíkurborgar 2025



Hjólastígar í Reykjavík



Meira en 90% íbúa í Reykjavík búi innan við 150 m frá hjólastíg árið 2030



Hjólastæði við grunnskóla

UNDIRMARKMIÐ

- Hjólastígar verði a.m.k. 50 km að lengd árið 2025 og yfir 100 km að lengd árið 2030
- Aðgengi að hjólastígum aukist. Meira en 90% íbúa í Reykjavík búi innan við 150 m frá hjólastíg árið 2030
- Hjólastæðum verði fjölgað áfram í borgarlandi og við stofnanir borgarinnar
- Sýnilegum innviðum fyrir hjól sem bæta líf hjólandi fjölgi
- Hugað verði að samspili hjólastíga í tengslum við aðra ferðamáta við hönnun
- Öruggar hjólaleiðir út úr höfuðborgarsvæðinu til þriggja átta

MARKMIÐ II


AÐGERÐIR


Fjárfestingar í nýjum hjólreiðainnviðum í Reykjavík verði að lágmarki 5 milljarðar króna á tímabilinu. Sjá má tillögu að uppbyggingu stíga aftast í áætluninni.

Á tímabilinu verði lokið við að betrubæta að minnsta kosti 15 gatnamót með tilliti til þverana.

Hjóla- og hlaupahjólastæðum verði fjölgað áfram:

- Stæði verði fyrir að lágmarki 20% af fjölda nemenda við alla grunnskóla árið 2025, og þörfum umfram það verði mætt í kjölfar reglulegra talninga.
- Öllum grunnskólum verði boðið að setja upp hlaupahjólastæði árið 2021.
- Stæðum verði fjölgað verulega við stofnanir borgarinnar bæði fyrir starfsfólk og gesti. Hleðsluástöðu verði komið fyrir eftir þörfum.
- Við Borgarlínustöðvar verði góð aðstaða fyrir geymslu hjóla. Stæðum við strætóstöðvar verði fjölgað áfram í samræmi við eftirspurn.
- Rekstur hjólaskápa fyrir almenning, á völdum stöðum í borgarlandinu og í bílastæðahúsum, verði boðinn út.
- Tímabundin stæði (e. pop-up) verði til reiðu fyrir stóra viðburði.
- Byggð verði upp langtíma- og skammtímastæði við endurnýjun byggðar og nýbyggingar í samræmi við kröfur í bíla- og hjólastæðareglum Reykjavíkurborgar. Áhersla er lögð á að hjólastæði verði á jarðhæðum sem næst inngöngum, yfirbyggð og örugg.






Meðalvindur í Reykjavík hefur farið úr 6,8 m/s á áratugnum 1950–59 í 3,9 m/s á áratugnum 2010–19. Meðalvindur í Keflavík var 6,8 m/s á áratugnum 1950–59 og var sömuleiðis 6,8 m/s á áratugnum 2010–19.

Síðastliðna tvo áratugi hefur meðalvindur í Reykjavík verið á pari við meðalvind í okkar fornu höfuðborg Kaupmannahöfn. Árs meðalvindurinn í Reykjavík virðist meira að segja komin um 1 m/s niður fyrir flugvöll Kaupmannahafnar í Kastrup.

Gamla góða afsökunin að það sé ekki hægt að hjóla vegna þess að það sé ekki logn eins og í Köben virðist því ekki lengur gild.

Árni Davíðsson 2021


- Á tímabilinu verði byggðar upp að minnsta kosti tvær hjólabrautir (e. pump track) til að auka við þjálfunar- og afþreyingarmöguleika þeirra sem vilja efla hjólafærni sína og hafa ánægju af.
- Haldin verði hönnunarsamkeppni árið 2022 um útfærslu hjólarásar undir Reykjaveg við Suðurlandsbraut til að styrkja þannig enn frekar þessa meginleið hjólandi milli austurs og vesturs í borginni.
- Reykjavík taki upp samtal við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi um uppbyggingu lengri hjólaleiða.
- Lögð verði áhersla á líflegt umhverfi hjólastíga og gróður til að mynda skjól.
- Hjólaleiðir verði með lituðu yfirborði á áherslustöðum í samræmi við leiðbeiningar um örugga hönnun og víðar þar sem vekja á athygli á góðum hjólainnviðum. Hönnun hjólastíga taki mið af hugmyndafræði algildrar hönnunar.
- Sýnilegum innviðum sem bæta líf hjólandi, svo sem hjólatyllum, sérstökum umferðarljósum fyrir hjól, viðgerðastöndum, hjólaruslatunnum og teljurum, verði fjölgað.
- Við deiliskipulag nýrra uppbyggingarsvæða verði skipulagðar innri hjólaleiðir og tengingar við ytra hjólanetið sem tengja saman hverfi.



MARKMIÐ III

BÆTT ÞJÓNUSTA

Vetraraðstæður geta verið erfiðar í Reykjavík, því er mikilvægt að vetrarþjónusta sé framúrskarandi á helstu leiðum. Þannig tryggjum við áreiðanleika og jákvæða upplifun. Kannanir sýna að slæm þjónusta við hjólaleiðir getur komið í veg fyrir að fólk hjóli. Með bættri þjónustu við hjólanetið fjölgum við þeim sem hjóla að staðaldri. Því er lagt til að vetrarþjónusta við stígakerfið verði aukin og stígar verði upphitaðir þar sem því verður komið við. Rekstrarfjármagn verði tryggt til að ná markmiðunum.




UNDIRMARKMIÐ

- ▣ Vetrarþjónusta á göngu- og hjóla- stígum verði aukin á tímabilinu
- ▣ Lengd stíga sem eru greiðfærir kl. 8 að morgni á virkum dögum verði a.m.k. **150 km** árið 2025
- ▣ Hálkueyðing á stígum með söltun, sópun eða öðrum aðferðum verði jafnframt aukin
- ▣ Upphитуðum stígum verði fjölgað
- ▣ Tryggðar verði fullbúnar malbik- aðar hjáleiðir fyrir gangandi og hjólandi þegar framkvæmdir eru í borgar- landinu

Staða mælikvarða árið 2020



Lengd stíga sem eru **greiðfærir kl. 8 að morgni** alla virka daga



31% íbúa búa innan við **150 m** frá þeim stígum




Fjöldi íbúa sem búa innan við **150 m** frá þeim stígum

MARKMIÐ III

AÐGERÐIR


- Gerð verði rekstrar- og fjárfestingaráætlun um stigvaxandi þjónustu hjólaleiða til að ná markmiðum ársins 2025.
- Vorhreinsun helstu göngu- og hjólaleiða til skóla verði aukin með viðbótarhreinsun.
- Stofn- og tengistígar í hjólanetinu sem eru brattari en 4–5% verði upphitaðir þar sem hægt er. Upphitun megin göngu- og hjólaleiða verði greind í nýjum hverfum og á þéttingar- reitum.
- Gert verði átak í úrbótum á hjólaleiðum um og við fram- kvæmdasvæði og leiðbeiningar til verktaka þar um bættar ef þörf er á. Aukið eftirlit tryggi gæði hjáleiða fyrir gangandi og hjólandi.
- Farið verði í tilraunaverkefni með þjónustumiðstöð borgar- landsins um smærri lagfæringar á hjólaleiðum eftir því sem ábendingar berast.



MARKMIÐ IV HJÓLA- MENNING



Skapa þarf umhverfi sem hvetur til hjólreiða. Góð hjólaborg er borg sem tekur mið af öllum aldurshópum, öllum kynjum, borg sem hugar að þörfum fatlaðs fólks og styður við hjólreiðar óháð efnahag.

HLUTDEILD HJÓLREIÐA Í FERÐUM



UNDIRMARKMIÐ

- Lögð verði áhersla á fjölgun hjólandi í öllum samfélagshópum og þróunin greind með reglubundnum hætti
- Sérstök áhersla verður lögð á aðgerðir til að auka hjólreiðar í hópum sem hjóla síst skv. ferðavenjukönnun
- Jafnari hlutdeild ferða milli kynja




MARKMIÐ IV AÐGERÐIR

- Gerð verði könnun á öryggisfinningu og viðhorfi fólks til hjólreiða í upphafi og við lok tímabilsins. Stefnt að jákvæðri þróun á báðum þáttum miðað við sambærilega könnun frá hausti 2018.
- Farið verði í árlega kynningarherferð á tímabilinu til að upplýsa um möguleika og kosti þess að hjóla í borginni.
- Tilraunaverkefni um útlán á rafhjólum verði endurtekið.
- Útbúið verði stafrænt kort þar sem almenningur getur skráð inn ábendingar um það sem betur má fara í uppbyggingu, rekstri, viðhaldi og öryggi hjólainnviða í Reykjavík.
- Kannaðar verði leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum í samstarfi við lögreglu, tryggingafélög og grasrótarsamtök hjólreiðafólks.
- Reykjavíkurborg styðji við hjólreiðakeppnir innan borgarinnar.
- Unnið verði að gerð fjallahjólaleiða í borgarlandinu.

FASTIR HJÓLATELJARAR

UMFERÐ HJÓLANDI

Á SEX STÖÐUM




HJÓLANETIÐ

Skapa þarf umhverfi sem hvetur til hjólreiða. Unnið verði að því að bæta og þétta hjólanetið og gera gatnamót öruggari í samræmi við markmið II. Þannig verður Reykjavík hjólaborg á heimsmælikvarða.


Hjólreiðaáætlun 2021–2025 er fimm ára áætlun en við mörkun framtíðarsýnar um hjólanetið í borginni þarf að horfa lengra og í stærra samhengi, leggja línurnar til lengri tíma svo mögulegt sé að hefja undirbúning og skipulagsvinnu verkefna sem koma til framkvæmda eftir árið 2025.

Við mótun tillögu um framtíðarsýn fyrir hjólanetið í Reykjavík voru settar upp mismunandi sviðsmyndir um þróun þess. Í grunninn er gengið út frá að uppbygging á sameiginlegu hjólaneti höfuðborgarsvæðisins verði í fullum gangi á tímabilinu í samræmi við samgöngusáttmála og að samhliða uppbyggingu Borgarlínu verðir byggðir upp hjólastígar meðfram línunni. Meginmarkmið verkefna sem fjármögnuð verða af Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur verði að þétta og bæta hjólanetið í borginni til viðbótar við þá stíga sem til koma vegna samgöngusáttmála.

Á myndum á næstu opnum má sjá hjólanetið í Reykjavík árið 2020 og tillögur að hjólaneti fyrir árið 2030 þar sem sýndar eru allar hjólaleiðir sem lagt er til að byggðar verði upp í Reykjavík til 2030.




— Hjólastígar 2020
— Núverandi aðal- og tengistígar



HJÓLANETIÐ 2030

— Hjólastígar 2030
— Núverandi aðal- og tengistígar



**HJÓLA-
BORGIN
RVK**

